

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976,
með síðari breytingum.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 589,00 fyrir hvern mínútulíttra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli kr. 29,50 pr. tonn.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- | | |
|---|------------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " | kr. 107,40 |
| b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" | kr. 215,00 |
| c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri | kr. 428,00 |

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Allt að 400 m³ kr. 34 000,00.

400— 2 000 m³ kr. 34 000,00 + kr. 27,30 pr. m³ þar yfir.

2 000— 6 000 m³ kr. 77 700,00 + kr. 23,40 pr. m³ þar yfir.

6 000—10 000 m³ kr. 171 000,00 + kr. 20,40 pr. m³ þar yfir.

Meira en 10 000 m³ kr. 253 000,00 + kr. 17,70 pr. m³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 4 100,00 aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

11. gr. gjaldskrárinnar síðasta málsgrein orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 213,00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 587/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mái.

Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.